

## Menningarhópur

Það hefur nokkrum sinnum verið kannað hvort áhugi sé meðal félaga á því að mynda hópa um ýmsa menningarþætti, svo sem leikhús, kvikmyndir, tónleika, listsýningar o.fl. Mikill áhugi hefur oftast en ekki komið í ljós, en ekki hefur reynst unnt að gera alvöru úr hugmyndinni.

Nú hefur félagi okkar, **Elísabet Jónsdóttir**, tekið að sér að leiða slíkan hóp, án þess að merkja í upphafi hvaða menningarþættir yrðu helstir í starfi hópsins. Elísabet sendir ykkur eftirfarandi fyrstu skilaboð:

*“Ég hef verið beðin um að sjá um menningarhóp U3A og vil þá byrja á að kanna óskir fólks um það hvað þið viljið gera. Til að komast að því myndum við hittast yfir léttum hádegisverð t. d. í Norræna húsinu annaðhvort á laugardegi eða sunnudegi. Dagsetning kemur seinna þegar kemur í ljós hve mörg vilja taka þátt”.*

Ósk um þátttöku í hópnum má skrá á vefsíðunni Elísabet mun svo fljótlega hafa samband og boða til fyrsta fundar hópsins.

f.h. stjórnar

Hans Kristján Guðmundsson

Formaður U3A Reykjavík